

í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dráttur varð allmikill á rekstri málsins, og stafar hann af því, að tafsamt reyndist að afla gagna, er verjandi ákærða óskaði eftir, svo og sakir embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Brynjólfsson, greiði til ríkissjóðs 500 króna sekt, er afplánist 4 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 300 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. október 1952.

Nr. 101/1952. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer

(Ólafur Þorgrímsson)

og

Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni

(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og reglugerð um gerð og notkun bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Hálka var á veginum, þar sem slys það, er í málinu greinir, gerðist. Ákærða Inga Haraldi bar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum og vera við því búinn að stöðva bifreið sína, ef þörf krefði. Er ákærði blindaðist, stöðvaði hann bifreið sína ekki, svo fljótt sem honum hefði átt að vera þess kostur, ef hann hefði samkvæmt framangreindu hagað akstri sínum eftir aðstæðum og beitt réttum aðferðum við stöðvun bifreiðarinnar. Er því í ljós leitt, að af hendi ákærða hefur skort á næga varkárni í akstri og stjórn bifreiðarinnar, og

varðar það hann samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir, refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 1 ár.

Ljósabúnaður bifreiðar þeirrar, er ákærði Guðjón ók umrætt skipti, var stórhættulegur vegfarendum og með þeim hætti, að varðar við þau ákvæði bifreiðalaga og reglugerðar um gerð og notkun bifreiða, er í héraðsdómi greinir. Hins vegar þykir ekki alveg nægilega sannað, að ákærði Ingi Haraldur hafi blindast af ljósum þessarar bifreiðar, enda var umferð mikil og hvorki Ingi Haraldur, þeir, sem með honum voru, né aðrir hafa getað gefið neina lýsingu á bifreið þeirri, sem þar var um að tefla. Verður ákærði Guðjón því ekki sakfelldur samkvæmt 219. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af eðli áðurgreinds brots ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði hvor um sig málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 800.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00. Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 9. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1075—1076/1952: Ákærvaldið gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer og Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni, sem dómtekið var 29. marz s.l.

Málið er höfðað gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer bifreiðarstjóra, Laugateig 28 hér í bæ, og Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni bifvélavirkjanema, Hverfisgötu 76 B hér í bæ.

Er Ingi Haraldur samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 2. ml. 4. mgr. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að aka bílnum R 348 með of miklum hraða, miðað við aðstæður, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík laust eftir miðnætti 25. des. 1951 og án nægjanlegrar aðgæzlu með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á hjónin Guðrúnu Sigurðardóttur og Magnús Guðmundsson og drenginn Marínó Eið Dalberg, öll til heimilis í Meðalholti 8 hér í bæ. Við slysið fótbrotnaði Magnús, Guðrún hryggbrotnaði og Marínó Eiður hlaut smávægileg meiðsl.

Þá er og í sama ákæruskjali Guðjón Breiðfjörð Jónsson ákærður fyrir brot á 7. gr. bifreiðalaga, 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937 um gerð og notkun bifreiða, sbr. reglugerð nr. 203 frá 1947, og 219. gr. hegningarlaga með því að aka bílnum R 1756 á sama tíma og að framan greinir austur Suðurlandsbraut með svo sterkum ljósum, að hann blindaði ákærða Inga Harald og gerðist með því meðvaldur að framangreindu slysi.

Ákærast því nefndir Ingi Haraldur og Guðjón Breiðfjörð til refsingar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaga og, að því er

ákærða Guðjón Breiðfjörð varðar, einnig samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 og til ökuleyfisviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Ingi Haraldur er fæddur 4. apríl 1910 að Þrándarstöðum í Eiðapinghá. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1932 10/5 Sætt: Sekt, 10 krónur, fyrir of hraðan akstur bifreiðar.
- 1932 24/5 Kærður fyrir að aka á reiðhjól. Hlutaðeigandi váttryggingarfélag greiddi skaðabætur.
- 1932 20/9 Kærður fyrir árekstur bifreiðar og reiðhjóls. Málið rannsakað og lokið án málshöfðunar.
- 1934 22/12 Sætt: 10 króna sekt fyrir brot á umferðarreglum.
- 1935 26/6 Aðvörðun fyrir brot gegn umferðarreglum.
- 1936 19/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1936 19/8 Dómur sama réttar: 200 króna sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvun við beifreiðarakstur. Dómur Hæstaréttar 11/1 1937: Sektin lækkuð í 100 krónur, annars staðfest.
- 1936 6/12 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 30/5 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 17/11 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1937 17/11 Undir rannsókn út af ökuslysi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til réttarmeðferðar.
- 1938 20/1 Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.
- 1938 13/3 Aðvörðun fyrir brot á umferðarreglum.
- 1938 23/4 Kærður fyrir að fara í herbergi án heimildar. Fellt niður.
- 1938 7/6 Sátt: 30 króna sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1941 22/6 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 6/12 Sátt: 20 króna sekt fyrir ólöglega stöðu bifreiðar.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð er fæddur 28. marz 1932 í Reykjavík. Hefur hann, svo kunnugt sé, hvorki sætt kærnum né refsingum fyrr.

Málavextir eru þessir.

Um kl. 00.10 aðfaranótt 25. desember 1951 varð umferðarslys á Suðurlandsbraut hér í bæ, rétt vestan við Tungu, með þeim hætti, að bifreiðin R 348, sem ákærði Ingi Haraldur ók, rakst á þrjá gangandi vegfarendur með þeim afleiðingum, að þeir hlutu meiðsli, sem síðar verður vikið að.

R 348 er sex manna leigubifreið af Hudson-gerð. Veður var bjart af nóttu, snjóföll á jörðu og hálka á vegum.

Nánari tildrög slyssins eru, að ákærði Ingi Haraldur var að koma úr jólafagnaði hjá kunningjafólki sínu í Herskólahverfi við Suðurlandsbraut. Í bílnum voru auk ákærða kona hans, mágur hans ásamt konu sinni auk tveggja dætra ákærða, 11 og 13 ára. Allt var fólk þetta allsgátt, og Ingi Haraldur vel fyrirkallaður. Ákærði Ingi Haraldur telur sig hafa ekið á 25 km hraða, þegar hann nálgadist Tungu. Þá veitti hann athygli bifreið, sem ekið var á móti honum með mjög sterkum ljósum. Ekki féllu þó ljósin beint framan í ákærða fyrr en allt í einu, svo að ákærði blindaðist

gersamlega. Strax og ákærði blindaðist, sté hann á fóthemil og dró úr ferð bifreiðarinnar, en stöðvaði ekki. Ljós bifreiðarinnar blinduðu ákærða svolitla stund, en um leið og bifreiðarnar höfðu mætt, sá ákærði í á að gizka 4 m fjarlægð frá framenda bíls síns karlmann og kvenmann á gangi, og sneru þau baki að bílnum. Bill ákærða var þá á 10 til 15 km hraða. Ákærði hemaði, en sökum hálkunnar náði hann ekki að stöðva til fulls, og urðu báðir þessir gangandi vegfarendur fyrir vinstri hluta framenda R 348. Þegar R 348 stöðvaðist, lágu karlmaður og kvenmaður, sem reyndust vera hjónin Guðrún Sigurðardóttir og Magnús Guðmundsson, Meðalholti 8, um 2 m fyrir aftan bílinn og til hliðar við hann vinstra megin. R 348 stöðvaðist án þess að renna nokkuð til hliðar. Var hún um $\frac{1}{2}$ m frá syðri brún malbikaða hluta vegarins.

EKKI fann ákærði, að bíllinn færi yfir hjónin, og ekki varð hann var við, að hann kæmi við aðra en hjónin.

Ákærði Ingi Haraldur hafði lægri ljósgeislana á vinstra ljóskeri, en hægra ljósker R 348 var bilað. Í ákæruskjali er þó ákærða eigi gefið það að sök. Ákærði ók með keðjum á afturhjólum. Fólkið, sem var í bíl ákærða, hefur skýrt frá mjög á sama veg og ákærði. Allt varð það vart við bílinn með sterku, blindandi ljósunum rétt fyrir slysið. Hjónin, sem fyrr eru nefnd, og Marinó Eiður Dalberg hafa skýrt frá því, að þau voru á leið vestur Suðurlandsbraut og gengu eftir syðri vegjaðri og telja sig hafa gengið fyrir sunnan malbikaða hluta vegarins. Magnús gekk innar á veginum, og leiddi kona hans hann, en Marinó Eiður gekk á undan. Magnús var klæddur ljósum yfirfrakka, en Guðrún brúnni kápu. Þau vissu ekki fyrr til en R 348 var ekið aftan á þau. Magnús fann fyrst viðkomu á vinstra fæti og datt áfram í götuna, og síðan fann hann, að ekið var áfram yfir vinstra fótinn, og missti hann meðvitund augnablik. Guðrún heyrði, rétt um leið og slysið varð, að maður hennar rak upp sársaukahljóð. Hún man ekki, hvað gerðist hið næsta á eftir slysinu. Marinó Eiður telur, að þau hjón hafi gengið eftir jaðrinum á malbikaða veginum. Hann getur ekki áttað sig á, hvernig slysið atvikaðist, því að hann vissi eiginlega ekki, fyrr en bifreiðin lenti á vinstra fæti hans, en var þá alveg að stöðvast. Um meiðsli hans segir svo í vottorði Jóhannesar Björnssonar læknis, dags. 27. desember 1951:

„Það skal hér með vottað, að ég hef í dag skoðað Marinó Eið Dalberg, f. 18/7 1938, Meðalholti 8. Við skoðun fannst eymsli og bólga á vinstri rist.“

Um meiðsli hjónanna hefur Friðrik Einarsson læknir gefið vottorð, dags. 16. jan. s.l.:

„Þann 25. desember 1951, kl. 0.30, var komið með sjúkling, sem sagður var heita Guðrún Sigurðardóttir, vera fædd 25. október 1890 og eiga heima í Meðalholti 8 í Reykjavík, á Landspítalann.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bíl rétt fyrir komuna á spítalann.

Sjúklingurinn kvartaði um verk neðantil í baki, í vinstri mjöðm, í báðum fótum og í nokkrum rifjum vinstra megin.

Við röntgenskoðun næsta dag fannst sprunga í hryggjarlið neðantil í

hryggnum. — Ekki fundust beinbrot annars staðar, og má því ætla, að verkirnir á hinum öðrum nefndu stöðum hafi stafað af mari og tognun.

Sjúklingurinn var lagður inn á handlæknisdeild Landsspítalans og liggur þar enn.“

„Þann 25. desember 1951, kl. 0.30, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem sagður er heita Magnús Guðmundsson, vera fæddur 11. júlí 1894 og eiga heima í Meðalholti 8 í Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bil rétt fyrir komu á spítalann.

Sjúklingurinn kvartaði um mikla verki í vinstra fótlegg, en kvaðst ekki vera meiddur annars staðar.

Við skoðun fannst opið brot á vinstra fótlegg svo sem 5—6 cm ofan við öklalið. Voru báðar pípurnar í sundur, 10 cm langt sár var framan á legnum, og stóðu beinendarnir um 6 cm út úr sárinu. Ekki fundust ein-kenni um aðra áverka.

Gert var strax að beinbrotinu á viðeigandi hátt, og fóturinn því næst lagður í gibsumbúðir. Sjúklingurinn var lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans, þar sem hann liggur enn.“

Ákærði Guðjón Breiðfjörð hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið bílnum R 1756 austur Suðurlandsbraut áleiðis inn í Blesugróf á sama tíma og R 348 var ekið vestur veginn. Hann tók eftir því á leiðinni, að stjórnendur bíla, sem hann mætti, depluðu ljósum bíla sinna til að gefa til kynna, að ákærði æki með of sterkum ljósum. Ákærða var kunnugt um, að ljós bíls hans voru mjög sterk, en taldi þau hættulaus. Ljósín höfðu bílað hjá honum nokkru áður. Hann tengdi því beint, sem kallað er, og hélt sig hafa tengt á lægri ljósgeislana. Er honum var sagt nokkru eftir slysið, að ljósín væru mjög truflandi, aðgætti hann þau nánar og sá, að tengt hafði verið á hæri ljósín.

Ekki varð ákærði Guðjón Breiðfjörð var við umferðarslysið, fyrr en hann kom aftur innan úr Blesugróf. Lágu þá hin slösuðu enn á slysstaðnum.

Fyrsta bílnum, sem kom á slysstaðinn austan frá, ók Guðmundur nokkur Guðmundsson, bílstjóri að atvinnu. Hann skýrði frá því, að hann hefði mætt bíl hjá Undralandi með háum ljósum. Litlu á eftir Guðmundi ók vestur Suðurlandsbraut Davíð Haraldsson bílstjóri og kom á slysstaðinn rétt á eftir Guðmundi. Móts við Herskólahverfi mætti hann bíl með óvenjulega sterkum ljósum. Davíð deplaði ljósum síns bíls, en ekki var neitt dregið úr styrkleika ljósa bílsins, sem á móti kom. Davíð sá ekki skrásetningarnúmer bílsins, en hann lýsti bílnum sem ljósbláum að lit af Dodge-gerð, smíðað 1940, og kemur það heim við bíl ákærða Guðjóns.

Eins og ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, hefur ákærði Ingi Haraldur ekið of hratt, miðað við aðstæður, og án nægjanlegrar aðgæzlu, þar eð hann beitti ekki fullu átaki hemla, er hann taldi sig blindaðan af ljósum bílsins, er hann mætti rétt fyrir slysið. Með þessu gerðist hann valdur að meiðslum hjónanna Magnúsar Guðmundssonar og Guðrúnar

Sigurðardóttur. Þykir hann hafa brotið gegn öllum þeim lagagreinum, sem hann er ákærður fyrir brot á í ákæruskjali.

Meiðsli Marinós Eiðs Dalbergs reyndust svo smávægileg, að þau varða ákærða ekki refsingu eftir 219. gr., sbr. 218. gr., hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og samkvæmt 219. gr. sömu laga og 38. gr. bifreiðalaga þykir refsing ákærða Inga Haralds hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 3 ár frá birtingu dóms þessa. Ákvörðun um áfrýjun frestar ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Það þykir nægjanlega sannað með eigin framburði ákærða Guðjóns Breiðfjörðs og öðrum gögnum málsins, að hann hafi umrætt skipti ekið með sterkum og blindandi ljósum. Þá þykir frásögn ákærða sjálfs um akstur sinn austur Suðurlandsbraut í þann mund, er slysið varð, svo og framburður þeirra bílstjóranna Guðmundar Guðmundssonar og Davíðs Haraldssonar styrkja framburð ákærða Inga Haralds og þeirra, er með honum voru, um blindandi billjósin fyrir slysið svo mjög, að telja megi sannað, að ákærði Ingi Haraldur hafi blindast af ljósum bíls þess, er ákærði Guðjón Breiðfjörð ók. Er þetta við ákvörðun refsingar ákærða Inga Haralds virt honum til nokkurrar linkindar, en eins og áður hefur verið getið, bar ákærða Inga Haraldsi að beita fullu átaki á hemla, er hann blindaðist.

Bílstjóri ber fyrst og fremst sjálfur refsíábyrgð á akstri sínum. Það þykir því of langt gengið, eins og atvik liggja að slysinu, að gera ákærða Guðjón Breiðfjörð meðábyrgan að slysinu, og ber því að sýkna hann af ákærinni um brot á 219. gr. hegningarlaganna. Þess vegna þykja og ekki efni standa til að svipta ákærða ökuleyfi.

Hins vegar hefur ákærði brotið önnur þau laga- og reglugerðarákvæði, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali.

Með tilliti til þess, hversu ljós R 1756 reyndust sterk og truflandi fyrir umferðina, og samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 300.00 í sekt, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Báða hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, annars en málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, er þeir hvor um sig greiði þannig, að ákærði Ingi Haraldur greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00, og ákærði Guðjón Breiðfjörð greiði skipuðum verjenda sínum, Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði kr. 300.00 í sekt til

ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Ingi Haraldur greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 300.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð greiði skipuðum verjanda sínum, Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni, kr. 400.00 í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1952.

Nr. 80/1952. **Guðmundur Guðmundsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1952. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að niður verði felldur stóreignaskattur hans samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, kr. 192.417.00, þar af kr. 47.630.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Varakrafa: Að stóreignaskattur hans verði ákveðinn kr. 16.165.00, þar af kr. 5200.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Þrautavarakrafa: Að stóreignaskattur hans verði ákveðinn önnur fjárhæð að mati dómsins.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. maí 1952. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og